

Fundargerð 138. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2022, miðvikudaginn 12. janúar kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, sérfræðingur, Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálaum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ákvörðun um notkun Seesaw í grunnskólum Reykjavíkur - 2201011SA

Persónuvernd hefur úrskurðað um að notkun skóla í Reykjavík á Seesaw tæknilausnum í námi nemenda stríði gegn persónuverndarlögum. Um er að ræða kerfi sem safnar saman verkefnum nemenda á svæði með rafrænu aðgengi kennara, foreldra og nemendur. Þetta setur í uppnám möguleika skóla á að hagnýta stafrænar lausnir í kennslu um allt land og jafnframt samstarf sveitarfélaga um áhættumat kennslulausna. Valgerður fór yfir helstu athugasemdir Persónuverndar í úrskurðinum og sagði athyglisvert að Persónuvernd leggi þar m.a. mat á þörf skóla fyrir notkun kerfisins. Þar má þó jafnframt finna nýtilegar ábendingar til skoðunar fyrir fræðsluyfirvöld. Þá er einnig ljóst að þessi ákvörðun kemur sérstaklega illa við á tímum Covid-19 þar sem margir skólar nýta stafrænar lausnir í auknum mæli. Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur sambandsins fór yfir stöðu mála og næstu skref sem unnin verða í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

[Úrskurður Persónuverndar](#)

[Leiðbeiningar um innleiðingu upplýsingatækni-kerfa til að vinna með persónuupplýsingar barna](#)

Sambandið hefur átt fund með ráðuneytinu um úrskurðinn og inntak reglugerðar sem á eftir að útfæra á grundvelli grunnskólalögum sem veitir opna heimild fyrir notkun stafrænna lausna. Mikilvægt er að ákvæði reglugerðar geti staðfest heimild skóla til slíkrar notkunar. Þá hefur sambandið hvatt ráðuneytið til að ræða við Persónuvernd um úrskurðinn og afleiðingar hans fyrir þróun skólastarfs. Finna þarf leiðir til að framhalda stafrænni umbreytingu skólastarfs í sátt við persónuverndarlöggjöfina.

2. Vöktunarteymi vegna áhrifa Covid-19 á skólastarf - 2011007SA

Mennta- og barnamálaráðherra hefur komið á fót sérstöku vöktunarteymi vegna

áhrifa Covid-19 á skólustarf sem fundað hefur daglega frá 3. janúar. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/01/07/Sottvarnir-i-skolum-Samrad-og-voktun/>

Fyrsta vikuskýrslan liggur nú fyrir. Skólamálafulltrúi situr í teyminu fyrir hönd sambandsins og fór yfir vinnulag, helstu álitamál sem upp hafa komið og greindi frá áformum um að koma upp mælaborði til eftirlits með áhrifum faraldursins á skólustarf. Nefndarmenn greindu frá stöðu í eigin sveitarfélögum.

Fram kom að ráðherra fundar með teyminu daglega og kallar svo til stærrí samráðsvettvangs á föstudögum þar sem farið er yfir vikuskýrslu vöktunarteymis og álitamál sem fundarmenn geta borið upp. Nefndarmenn voru sammála um mikilvægi upplýsingaöflunar í mælaborð sem vaktar áhrif Covid-19 á skólustarf en varast þyrfti að það verkefni yrði íþyngjandi fyrir skólustjórnendur og stofnanir því álagið væri víða gífurlegt nú þegar.

Ekki hefur verið rætt um að koma upp bakvarðasveitum með starfsfólki skóla ennþá.

Önnur mál

Í undirbúningi er fyrsti samráðsfundur með nýjum mennta- og barnamálaráðherra og drög að dagskrá hans unnin í samstarfi við ráðuneytið.

Samkomulag um tónlistarfræðslu hefði verið endurnýjað og bíður undirritunar.

Málefni framhaldsfræðslu munu færast frá menntamálaráðuneyti yfir í félags- og atvinnumálaráðuneyti og hefur sú ráðstöfun verið gagnrýnd af ýmsum hagsmunaaðilum.

Fundi var slitið kl. 13:30

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason

Anna Birna Snæbjörnsdóttir